

FUNDARGERÐ

233. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 13. desember 2023 á Gamla Bauk á Húsavík

Mættir

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir (í fjarfundi)

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Drög að verklagsreglum Akureyrarbæjar um aðgerðir gegn loftmengun utandyra
3. Hamragerði 15 á Akureyri umgengni á lóð
4. Umsagnir
5. Útgefin starfsleyfi
6. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
7. Staðfestar skráningar
8. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits
9. Drög að samþykkt um um fráveitur í sveitarfélaginu Norðurþingi
10. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 232. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 15. nóvember sl. þá var m.a. rætt um svifryk á Akureyri og samþykkt var að áminna lóðarhafa Hamragerðis 15 á Akureyri vegna slæmrar umgengni á lóðinni.

Þann 6. desember sl. var haldin sameiginlegur fundur Akureyrarbæjar, Vegagerðarinnar og HNE þar sem lögð voru drög að verklagsreglum gegn loftmengun, rætt var um hugsanlegar forvarnaraðgerðir gegn svifryki og mikilvægi þess að Akureyrarbær og Vegagerðin séu samstíga í aðgerðum. Einnig kom fram að verið er að leita leiða í samstarfi við verkfræðistofu að gera upplýsingar úr lofgæðamælum Akureyrarbæjar aðgengilegar almenningi.

Ekki hefur verið bætt úr umgengni við lóðina að Hamragerði 15 á Akureyri þrátt fyrir að lóðarhafa verið veitt áminning.

2. Drög að verklagsreglum Akureyrarbæjar um aðgerðir gegn loftmengun utandyra

Drög að verklagsreglum Akureyrarbæjar um aðgerðir gegn loftmengun utandyra voru bárust þann 12. desember sl. og eru lögð fram til kynningar.

Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum við drögin á framfæri við Akureyrarbæ, í samræmi við umræður á fundinum

3. Hamragerði 15 á Akureyri umgengni á lóð

Á 232. fundi Heilbrigðisnefndar þann 15. nóvember sl. var samþykkt að áminna lóðarhafa þar sem ekki hafði verið brugðist við fyrirmælum og bætt úr umgengni á lóðinni. Jafnframt fékk lóðarhafi lokafrest til 10. desember til þess að ljúka tiltekt á lóðinni.

Enn hefur ekki verið brugðist við ítrekuðum kröfum heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni.

Heilbrigðisnefnd harmar það að tiltekt á lóðinni skuli enn ekki vera lokið, þrátt fyrir að lóðarhafa hafi nú þegar verið veitt áminning sem er vægasta þvingunarúrræði skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að mati nefndarinnar hafa ítrekuð tilmæli og nú síðast væg þvingunarúrræði ekki skilað tilætluðum árangri og því nauðsynlegt að ganga harðar fram í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja dagsektir á lóðarhafa að upphæð kr. 20.000,- á dag frá og með 2. janúar 2023, vegna brota á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum, vegna brots 1.mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Ákvörðun um dagsektir er tekin í samræmi við 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. Umsagnir

1. Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna verslunar og þjónustusvæðis við Ytri-Varðgjá
2. Breyting á deiliskipulagi baðstaðar í landi Ytri Varðgjár í Eyjafjarðarsveit
3. Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar vegna Dalvíkurlínu 2
4. Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Hörgársveitar
5. Matsáætlun vegna landfyllingar og hafnar við Dysnes í Hörgársveit
6. Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna efnistöku í landi Stóra-Hamars
7. Starfsemi Landsvirkjunar í Laxárstöð
8. Sorpflokkunarhús á Þórshöfn
9. Deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði í Norðurbrekkum á Húsavík
10. Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna athafnasvæðis á Bakkaföt

11. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags á Bakkafliót í Eyjafjarðarsveit

5. Útgefin starfsleyfi

1. H90 Restaurant kt. 631122-1320, Menningarhúsið Hof, Strandgata 12 600 Akureyri, veitingastaður.
2. Heilbrigðisstofnun Norðurlands kt. 551014-0290, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, heilsugæslustöð. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
3. BG4 ehf. kt. 550523-1240, Brekkugötu 4, 600 Akureyri, gistiheimili.
4. Mayflor Perez Cajés (Skarfakál ArcticCircle) kt. 100883-2019, Múli, 611 Grímsey, framleiðsla matvæla.
5. Snæþór Haukur Sveinbjörnsson kt. 170294-3439, Búvöllum, 641 Húsavík, sala á gistingu án veitingasölu.
6. Hótel Vatnsholt ehf. kt. 630493-2349, Tryggvabraut 24 (205), 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
7. Varastaðir ehf. kt. 611111-1260, Lambhús í Laxárdal, 641 Húsavík, sala á gistingu án veitingasölu
8. Steindór og Anna ehf. kt. 531106-0320, Kaplahrauni 8, 660, Mývatn, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
9. Fitness Akademían ehf. kt. 660913-0250, Óseyri 6, 600 Akureyri, Verslun með heilsuvörur og fæðubótarefni.
10. Bergþóra Anna Stefánsdóttir kt. 050899-3739, Furuvellir 13, 600 Akureyri, naglastofa. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
11. Þórir Níelsson kt. 090580-3539, Torfum, 605 Akureyri, vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

6. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. N1 ehf. kt 411003-3370, Túngata 3, 610 Grenivík, eldsneytisafgreiðsla.
2. Akureyrarbær kt. 410169-6229, áramótabrenna við Jarðvegslosunarsvæðið að Jaðri.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berast við tillögurnar gefi tilefni til annars.

7. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022.

1. Artis tannlæknastofa slf. kt. 580423-2640, Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri, tannlæknastofa
2. Snrythúsið ehf. kt. 590922-0130, Gásir II, 604 Akureyri, hársnyrtistofa

3. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689, austast á bílaplani Norðurorku,603 Akureyri, flugeldasýning 31.12.2023.
4. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689, austan Fiskitanga á starfssvæði Samherja,600 Akureyri, flugeldasýning 29.12.2023.
5. Norðurþing kt. 640169-5599, Sorpurðunarsvæði utan við Kópasker, flugeldasýning 31.12.2023.
6. Björgunarsveitin Hafliði kt. 411281-0359, Við bæinn Vegamót 1000m vestan við þéttbýlið Þórshöfn, flugeldasýning 31.12.2023.
7. Björgunarsveitin Stefán kt. 550979-0129, Jarðbaðshólar við Mývatn, flugeldasýning 31.12.2023.
8. Ísfélag hf. kt. 660169-1219, Eyrarvegur 12, 680 Þórshöfn, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.
9. Íris Fönn Gunnlaugsdóttir kt. 290175-3569, Vanabyggð 10c, 600 Akureyri, hárgreiðslustofa.

8. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits

Nýlega kom út skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Starfshópurinn var skipaður af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra. Verkefni hópsins var að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Niðurstaða hópsins var sú að leggja til að allt eftirlit flyttist frá sveitarfélögum til stofnanna ríkisins, Matvælastofnunnar og Umhverfisstofnunnar.

Umræðum um skýrsluna var frestað á síðasta fundi.

Heilbrigðisnefnd bendir á að í skýrslunni eru lagaðar til grundvallarbreytingar á núverandi eftirlitskerfi og að fjöldi verkefna flytjist frá sveitarfélögum til ríkisstofnana. Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélög á sínu svæði til þess að kynna sér skýrsluna og efni hennar en ráðherra hefur boðað að skýrslan verði sett í samráðgátt stjórnvalda.

9. Drög að samþykkt um um fráveitur í sveitarfélaginu Norðurþingi

Lögð voru fram drög að samþykkt um fráveitur í sveitarfélaginu Norðurþingi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í byrjun febrúar.

Fundi slitið kl. 13:55

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson